

Þýska þingið  
17. kjörþing

Þingsályktun  
Þingflokka CDU/CSU og FDP

Samþykki þýska þingsins, Bundestag og þýsku stjórnarinnar varðandi umsókn Lýðveldisins Ísland að Evrópusambandinu og varðandi meðmæli framkvæmdarstjórnar ESB frá 24. febrúar 2010 um að hafnar verði aðildarviðræður.

Hér: Umsögn þýska þingsins samkvæmt Grein 23 málsgrein 3 og GG i.V.m. § 10 laga um samstarf ríkisstjórnarinnar og þýska þingsins varðandi málefni Evrópusambandsins

Þingið álykti:

I Þýska þingið leggur fram:

Lýðveldið Ísland lagði inn umsókn þann 17. júlí 2009 skv. grein 49 samnings um Evrópusambandið (EUV) um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Ráðherraráðið hefur beðið framkvæmdastjórn þann 27. júlí 2009 um umsögn varðandi umsókn Íslands eins og sagt er fyrir um í grein 49 EUV. Framkvæmdastjórnin skilaði umsögn sinni (sk. Avis) þann 24. febrúar 2010 til ráðsins. Í niðurstöðu sinni mælir hún með því að hafnar verði aðildarviðræður við Ísland.

Í bréfi til þýska þingsins þann 24. febrúar 2010 benti þýska ríkisstjórnin á að formennskuland ESB, Spánn, hefði óskað eftir að fljótt yrði tekin ákvörðun um að aðildarviðræður verði teknar upp við Ísland og að stefnt verði að því að málið verði tekið upp í ráðherraráðinu þann 25. mars 2010. Þýska ríkisstjórnin benti þýska þinginu á að það hefði rétt til að taka afstöðu um ákvörðun um að hefja aðildarviðræður í aðdraganda að upptöku umsóknarríkis í ESB. Samkvæmt § 10 laga um samstarf ríkisstjórnarinnar og þýska þingsins í málefnum Evrópusambandsins (EUZBBG) þarf ríkisstjórnin áður en hún samþykkir í ráðherraráðinu að hefja aðildarviðræður, að leita samþykkis þýska þingsins.

Þýska þingið styður það markmið að Ísland verði fullgildur meðlimur í Evrópusambandinu. Það er í þágu Þýskalands og ESB að aðildarumsóknin verði studd og að aðildarferlið gagnvart Íslandi beri árangur.

Með aðild Íslands myndi rótgróið lýðræðislegt ríki sem tryggir almenn borgararéttindi og virðingu mannréttinda verða meðlimur í ESB. Hagkerfi landsins getur talist virkt markaðshagkerfi. Fyrir hrun bankanna sýndi landið að það gat staðist samkeppni og frjálsa markaðshætti innan evrópska efnahagssvæðisins (EES). Þetta er einnig nauðsynlegt fyrir inngöngu í ESB. Hins vegar getur ESB notið góðs af þekkingu og reynslu Íslands af vinnslu endurnýjanlegrar orku. Vegna vaxandi þýðingar Norðuratlantshafssvæðisins á komandi árum er það ekki síst þýðingarmikið fyrir ESB að aðildarríki sé staðsett á því svæði.

Síðastliðin 40 ár hafa Ísland og ESB átt náið samstarf á fjölmörgum sviðum. Ísland varð aðili að EFTA og hefur verið samningsaðili að Evrópska efnahagssvæðinu frá stofnun þess árið 1994. Með aðild sinni að evrópskum innri markaði sl. 15 ár í gegnum EES-samninginn hefur

Ísland nú þegar tekið upp stóran hluta af löggjöf ESB eða sk. *acquis communautaire*. Ísland hefur frá árinu 1996 tekið þátt í þróun Schengen-sáttmálans og hefur starfað eftir sáttmálanum frá því 2001. Innan Schengen-samstarfsins hefur Ísland tekið þátt í samstarfi og samræmingarstarfi lögreglu og dómsmálayfirvalda. Auk þess tekur Ísland þátt í framkvæmd „Dublin-sáttmálans“ þar sem lagður er grunnur að forsendum og ferli sem viðhaft er við vinnslu á umsóknum pólitískra flóttamanna.

Frá árinu 1990 og stóran hluta sl. áratugs vann Ísland að umbótum í hagkerfinu, með því að draga úr miðstýringu og auka frelsi. Með því tókst landinu að komast úr hagkerfi sem að mestu studdist við fiskveiðar yfir í fjölbreyttara hagkerfi með stóran, opinn fjármálageira. Vegna fjármálakreppunnar hefur íslenska bankakerfið nú reyndar hlotið varanlegan skell. Íslenska ríkisstjórnin gat einungis komið í veg fyrir hrun mikilvægustu bankanna, Glitnis, Landsbanka og Kaupþings í október 2008 með því að yfirtaka þá og greiða viðskiptavinum bankanna út í gegnum tryggingarsjóðinn eftir því sem mögulegt var. Íslenski tryggingarsjóðurinn hafði þó ekki nægjanlegt fjármagn til að greiða út viðskiptavinum bankanna sem áttu reikninga í erlendum útibúum bankanna.

Við hrun bankanna jukust ríkisskuldir landsins úr 29,3 prósentum vergrar þjóðarframleiðslu á árinu 2007 í 57,5 prósent í lok árs 2008 og allt upp í 125 prósent á árinu 2009. Fjárlagahallinn nam á árinu 2009 14,4 prósentum af vergri þjóðarframleiðslu. Með því uppfyllir Ísland sem stendur ekki skilyrðin til að það geti orðið aðili að evrusvæðinu. Ísland hefur gripið til pólitískra aðgerða á sviði efnahags- og skattamála með því markmiði að minnka skuldirnar og koma á fót kerfi til að minnka útgjöld og hækka tekjur ríkisins. Um leið er unnið að því að minnka fjárlagahallann og reyna að tryggja stöðugleika ríkisfjármála. Aðgerðir til endurreisnar efnahagslífsins eru rétt skref til að minnka skuldir ríkisins og koma efnahagslífinu í gang.

Aðgerðirnar til endurreisnar efnahagslífsins þarf að framkvæma fljótt og örugglega svo hægt verði að vinna upp traust að nýju.

Efst á baugi í stjórn málaumræðunni eru sem stendur endurgreiðslukröfur breskra og hollenskra stjórnvalda að upphæð 3,9 milljörðum evra sem íslenski bankinn Icesave skuldaði viðskiptavinum sínum í báðum löndunum. Samningar íslensku ríkisstjórnarinnar við Bretland og Holland leiddu til Icesave-samningsins um endurgreiðslu á því sem ríkisstjórnir þessara landa höfðu greitt innistæðuhöfum í löndum sínum út. Lög sem höfðu verið samþykkt í íslenska þinginu um það hvernig endurgreiðslu yrði háttað voru stöðvuð af forsetaembætti landsins og sett í þjóðaratkvæðagreiðslu þann 6. mars 2010. Íslenska þjóðin hafnaði lögunum með 90% meirihluta, þar sem hún taldi lögin ganga út yfir möguleika þjóðarinnar til að standa við skuldbindingarnar. Þýska þingið er þeirrar skoðunar að samningaviðræður milli Íslands, Bretlands og Hollands um Icesave þurfi að halda áfram svo fundin verði lausn sem allir aðilar geti við unað.

Þýska þingið viðurkennir eindregið að fiskveiðigeirinn haldi grundvallar mikilvægi sínu fyrir íslenskan efnahag þrátt fyrir að dregið hafi hlutfallslega úr þýðingu hans við fjölbreyttara atvinnulíf. Fiskveiðistefna Íslands hefur sjálfbæra nýtingu fiskistofnanna að markmiði og lög um fiskveiðar miða að því að vernda fiskstofnana. Efnahagsleg velgengni og umhverfisvæn, sjálfbær fiskveiðistefna Íslendinga getur nýst sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB. Verndun fiskistofnanna hefur á undanförunum árum orðið kjarninn í sameiginlegri fiskveiðistefnu ESB. Umbætur í sameiginlegri fiskveiðistefnu sem fjallað er um í Grænbók evrópska ráðherraráðsins (KOM(2009) 163 endanlegt) vísa í þessa átt. Þar til telst kerfi um

fiskveiðikvóta eftir ákveðnum lykli sem skipt er niður á aðildarríki ESB samkvæmt reglunni um hlutfallslegan stöðugleika.

Þrátt fyrir það þarf að grípa til ráðstafana á sviði fiskveiða til að undirbúa rekstrar- og viðskiptaaðila undir þátttöku í sameiginlegri fiskveiðistefnu (það á við um fiskveiðistjórnun, stjórn fiskveiðiflotans, eftirlit, pólitískar skipulagsbreytingar, markaðsstefnu og opinberan stuðning). Mikilvægt er m.a. að opna íslenska fiskveiðigeirann fyrir fjárfestingum frá löndum ESB sem mikilvægan hluta af frjálsum fjármagnsstreymi innan innri markaðar ESB.

Árið 2006 tók Ísland ákvörðun um að hefja aftur hvalveiðar í viðskiptaskyni og brýtur þar með í bága við alþjóðlega samþykkt um verndun hvalastofna sem ESB styður og leyfir aðeins undanþágur með takmörkuðum kvóta til rannsókna eða til eigin þarfa einstakra innfæddra þjóðflokka. Alþjóðahvalveiðiráðið staðfesti nú síðast í maí árið 2007 núllkvóta fyrir hvalveiðar í viðskiptaskyni. Með tilliti til verndunar og þróunar hvalastofnsins verður Ísland að gera ráðstafanir til að standa við alþjóðlegar ákvarðanir um stofnvernd sem ESB hefur samþykkt.

II Þýska þingið staðfestir samkvæmt § 10 EUZBBG einhug sinn þess efnis að ríkisstjórnin samþykki ákvörðun um upptöku aðildarviðræðna við lýðveldið Ísland um inngöngu landsins í Evrópusambandið.

Auk þess hvetur þingið ríkisstjórnina til

1. Að gera skýra grein fyrir því að Ísland verði að leggja sig fram við að aðlaga sig réttarfarslegum ákvörðunum og löggjöf ESB þannig að öll formleg skilyrði verði uppfyllt við inngöngu; þetta á sérstaklega við um fiskveiðigeirann, landbúnað, hvalveiðar, fjármálasvið, sveitastjórnarmál og fjármálaeftirlit;
2. Að nýta aðildarviðræðurnar við Ísland til að auka áherslu á sjálfbæra fiskveiðistefnu innan Evrópusambandsins þar sem líta mætti á Ísland sem fyrirmynd; halda skal þó fast við hvalveiðibann í viðskiptaskyni;
3. Að leggja áherslu á við aðlögun að sameiginlegri löggjöf, að sem minnst verði um tímabundnar eða almennar undantekningar. Ekki skal sneiða hjá reglum eða gefa í skyn að aðildin verði sjálfkrafa með því t.d. að nefna dagsetningu inngöngunnar áður en aðildarviðræðunum lýkur;
4. Að gengið verði úr skugga um að Ísland uppfylli pólitísk og efnahagsleg skilyrði fyllilega við inngöngu og að engar aðildarkröfur verði gerðar varðandi aðra umsækjendur. Forsenda fyrir aðild er að Kaupmannahafnarviðmiðið verði að fullu uppfyllt. Þar skiptir mestu aðildarhæfni landsins og geta ESB til viðtöku landsins;
5. Að þýska þingið verði samkvæmt §§ 4 til 7 EUZBBG upplýst reglulega um stöðu aðildarviðræðna og að afstaða þess komi greinilega fram.

Berlín, 24. mars 2010

Volker Kauder, Dr. Hans-Peter Friedrich (Hof) og þingflokkur  
Birgit Homburger og þingflokkur  
[þingflokkar CDU, CSU og FDP]